

99

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um flutning Kviabekkjarkirkju.**

27. sept.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og löglegri ályktun hjeraðsfundarins í Eyjafjarðarprófastsdæmi, skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæru-verðugi herra, í brjefi, dags. 20. þ. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hjermeð veita leyfi til þess að söfnuðurinn í Kviabekkjarsókn megi flytja sóknarkirkju sína frá Kviabekk að Ólafsfjarðarhorni.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

100

**Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um endurgreiðslu á vöru-**12. okt. **tölli af umbúðum.**

Kaupmaður Jónatan Þorsteinsson hjer í bænum hefir farið þess á leit, að hann fengi endurgreiddan vörutoll af umbúðum utan af járnvörum og brenslu-spiritibus, sem hann tjáir sig hafa flutt inn árið 1914, en umbúðir þessar hefir tjeður kaupmaður endursent til útlanda, og hefir hann sýnt farmskirteini fyrir útflutningi umbúðanna á skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, og síðan fengið vottorð útlendrar tollstjórnar um að umbúðirnar væru þar innfluttar.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að umbúðir þær, sem hjer um ræðir, hafa eigi, er þær komu hingað til landsins, verið tollaðar sem sjerstök eða sjálfstæð vörutegund, svo að þegar af þeirri ástæðu er eigi heimilt að endurgreiða toll af þeim samkvæmt 11. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, því að eigi verður álitid að orðin »gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af« nái til umbúða, nema þær hafi verið fluttar sem sjálfstæð vara til landsins og á sama hátt fluttar út úr því.

Auk þess er í tilfelli því, sem hjer um ræðir, eigi fullnægt skilyrði 11. gr. vörutollslaganna um skirteini lögreglustjóra. Það getur ekki talist fullnægjandi skirteini til endurgreiðslu tolls, að farmskirteini yfir hina endursendu vöru sje sýnt á skrifstofu lögreglustjóra, heldur á það að vera vottorð lögreglustjóra um að hin endursenda vara hafi verið innflutt og vörutollur greiddur af henni.